



Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. ágúst 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, mál nr. S-120/2025

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, mál nr. S-120/2025, sem birt var í samráðsgátt 11. júlí sl. Samtökin fagna áformunum og markmiðum þeirra um að ná fram einföldun stjórnsýslu á sviði skipulags- og mannvirkjamála.

Samtökin hafa ítrekað bent á að regluverk og stjórnsýsla skipulags- og mannvirkjamála er of flókið hér á landi. Það skýrist að hluta til af þeim fjölda¹ aðila í stjórnsýslunni og atvinnulífinu sem koma að málaflokknum. Það er því að mati samtakanna jákvætt að sameina Skipulagsstofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og að lögð verður áhersla á að tryggja aukna skilvirkni, samlegð í þjónustu og færri flækjustig. Með sameiningunni ættu að mati samtakanna að verða til fjölmörg tækifæri til einföldunar ferla fyrir viðskiptavinum stofnananna, m.a. með samþættingu tæknilausna sem hafa það að markmiði að móta einn feril og afgreiðslustað. Slík þróun myndi draga úr samfélagslegum kostnaði við uppbyggingarferli, öllum til bóta. Það er þó á sama tíma brýnt að áformuð hagræðing dragi ekki úr þeirri sérfræðipækkingu sem til staðar er innan stofnananna. Huga þarf vel að því að sú reynsla viðhaldist með nýju skipuriti.

Varðandi nánari útfærslur á umræddum áformum vilja samtökin einnig minna á að í apríl 2024 skipaði innviðaráðherra starfshóp sem skipaður var fulltrúum frá Skipulagsstofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, innviðaráðuneytinu og Samtökum iðnaðarins sem hafði það markmið að fara yfir ferla og verklag sem tengjast uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og greina hvaða þættir væru líklegir til að valda óþarfa töfum. Skilaði sá starfshópur skýrslu í nóvember 2024 með fjölmörgum góðum tillögum að úrbótum sem vörðuðu m.a. stafræna stjórnsýslu í málaflokknum.

Voru þar lagðar til eftirfarandi aðgerðir:

- Að tryggja þurfi að bæði Skipulagsstofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi bolmagn til að halda áfram þróun nauðsynlegra stafrænna kerfa sem varða húsnæðisuppbyggingu.
- Að skoða þurfi hvort að ávinningur sé af því að formfesta samvinnu Skipulagsstofnunar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og jafnvel fleiri stofnana í tengslum við þróun stafrænna kerfa.


¹ [Skýrsla starfshóps um einn feril húsnæðisuppbyggingar](#)



- Að tryggja þurfi að þau kerfi sem eru í þróun tali saman og séu útfærð með hag notandans í huga.
- Að skoða ávinning þess að sameina aðgengi að gögnum í eina miðlæga vefgátt, s.s. á island.is, þar sem hægt væri að nálgast á einum stað allar aðgengilegar upplýsingar sem varða húsnæðisuppbýggingu, s.s. skipulag, lóðir, byggingarleyfi, byggingarhæfi lóða, skráningu fasteigna o.fl.

Að lokum telja samtökin rétt að benda á að samhliða frekari útfærslu á umræddum áformum um sameiningu er einnig tilefni til þess að stjórnvöld taki afstöðu til fýsileika þess að Umhverfis- og orkustofnun fari með forræði yfir málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum. Í því samhengi benda samtökin einnig á skýrslu sem unnin var að VSÓ ráðgjöf fyrir Samtök iðnaðarins, Samorku og Samtök atvinnulífsins um málsmeðferð leyfisveitinga og mat á umhverfisáhrifum. Eru þar lagðar fram tillögur um einföldun ferla við undirbúning framkvæmda, þ.e. leyfisveitingar og skipulagsmál með „allt á einum stað“ (e. one-stop-shop) hugmyndafræði.²

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs

² [Málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum – Tillögur um einföldun ferla](#), skýrsla sem unnin var af VSÓ Ráðgjöf fyrir Samtök iðnaðarins, Samorku og Samtök atvinnulífsins